

# **Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs frá spennistöð niður á Tjarnarbraut á Bíldudal, Vestur-Barðastrandarsýslu**



Óskar Leifur Arnarsson  
2020

*Mynd 1: Leið jarðstrengsins verður fyrir miðri mynd niður brekkuna, vinstra megin við Tjarnarbraut 15 (rautt hús með 4 burstum) og beygir þar til hægri eftir Tjarnarbraut. (Mót suðaustur. Ljós. ÓLA).*

© Óskar Leifur Arnarsson, júlí 2020

Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs frá spennistöð niður á Tjarnarbraut á Bíldudal, Vestur-Barðastrandarsýslu

Útgáfustaður: Patreksfjörður

Útgefandi: Óskar Leifur Arnarsson

Netfang: [oskarar@gmail.com](mailto:oskarar@gmail.com)

Unnið fyrir Orkubú Vestfjarða ohf.

Minjastofnun Íslands - auðkennisnúmer verkefnis: 2259

|                                                                                                                                                    |                                                               |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------|
| <b>Heiti verkefnis:</b><br>Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs frá spennistöð niður á Tjarnarbraut á Bíldudal, Vestur-Barðastrandarsýslu | <b>Verknr. / Rannsóknarnr.(Minjastofnun Íslands):</b><br>2259 |
| <b>Sveitafélag / (Hreppur):</b><br>Vesturbyggð (Suðurfjarðahreppur)                                                                                | <b>Sýsla:</b><br>Vestur-Barðastrandarsýsla                    |
| <b>Jörð / lögbýli:</b><br>Bíldudalur                                                                                                               | <b>Landnúmer (Þjóðskrá Íslands):</b><br>?                     |
| <b>Verkkaupi:</b><br>Orkubú Vestfjarða ohf.                                                                                                        | <b>Landeigandi, heimilisfang:</b>                             |
| <b>Landmælingar Íslands – Herforingjaráðskort:</b><br>12 SV. Þingeyri - Arnarfjörður                                                               | <b>Hnit:</b><br>-                                             |
| <b>Gripir nr. (Sarpur):</b><br>-                                                                                                                   | <b>Sýni:</b><br>-                                             |
| <b>Skýrsluhöfundar:</b><br>Óskar Leifur Arnarsson                                                                                                  | <b>Tímabil vettvangsvinnu:</b><br>Júlí 2020.                  |
| <b>Verkefnisstjórar:</b><br>Óskar Leifur Arnarsson                                                                                                 | <b>Dagsetning:</b><br>30. júlí 2020                           |

☐

**Verkefnið/skipulagið stangast ekki á við menningarminjalög**

☒

**Verkefnið/skipulagið stangast á við menningarminjalög**



## Efnisyfirlit

|                                        |    |
|----------------------------------------|----|
| 1. Inngangur.....                      | 1  |
| 2. Markmið og aðferðir.....            | 3  |
| Tilgangur fornleifaskráninga.....      | 3  |
| Af hverju fornleifaskráning?.....      | 5  |
| Fornleifaskráning og aðferðir.....     | 5  |
| Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun..... | 6  |
| 3. Sögulegt yfirlit.....               | 7  |
| 4. Úttekt á deiliskipulagssvæði.....   | 11 |
| 5. Niðurstöður.....                    | 13 |
| 6. Heimildaskrá.....                   | 15 |
| 7. Kort.....                           | 17 |
| 8. Fornleifaskrá.....                  | 19 |



# 1. Inngangur

Undirritaður var fenginn til að vinna fornleifaskráningu vegna jarðstrengs sem Orkubú Vestfjarða hyggst leggja innan þéttbýlis á Bíldudal, frá spennustöðinni neðan við Búðargil og niður á Tjarnarbraut. Til stendur að klára að tengja stærri háspennustreng niður á Bíldudalseyri til að tengja við stórnotendur á hafnarsvæðinu. Vettvangsathugun fór fram í júlí 2020.

Sumarið 2018 var lagður jarðstrengur frá Kalkþörungaverksmiðjunni og í fiskvinnsluhúsi Arnarlax og að varaafstöðinni á Hafnarteig á Bíldudal. Þessi strengur liggur aftan við Bíldudalskirkju og ofan við vinnslu Arnarlax. Ekki er vitað hvort þá var leitað álits Minjastofnunar Íslands og gerð fornleifaskráning eða framkvæmdaefirlit á meðan á vinnu stóð. Við þá framkvæmd er þó vitað að farið var í gegnum hlaðinn sökkul hinnar sögufrægu byggingar *Langaskúrs* sem á sínum tíma var lengsta bygging á Íslandi. Langaskúr lét Pétur J. Thorsteinsson reisa árið 1897 sem salt- og fiskgeymsluhús. Húsið var 76 metrar á lengd og 6 metrar á breidd.<sup>1</sup> Skýrsluhöfundur var að vinna í öðru verkefni á Bíldudal á sama tíma og leit þá lauslega á lagnaskurðinn. Í fljótu bragði sáust ekki aðrar minjar í skurðinum en fyrrnefnd hleðsla, en einhverjir gripir voru þó í uppmokstri við slökkvisstöðina á Bíldudal. Þetta svæði er innan merkja verslunarstaðarins á Bíldudalseyri og þar hefur verið verslun samkvæmt heimildum síðan á 16. öld og föst búseta frá upphafi 18. aldar.

Samkvæmt skipulagstillögunni verður grafinn rúmlega 1 meters djúpur skurður og háspennustrengurinn verður lagður á um 90 sentimetra dýpi. Elhönnun sf, sá um hönnun lagnaleiðarinnar fyrir Orkubú Vestfjarða.

Fornleifaskráningin takmarkast við þann hluta háspennustrengsins sem nú stendur til að leggja milli spennustöðvarinnar við Búðargil og niður á Tjarnarbraut (sjá nánari mörk á korti í kafla 7). Ekki er um tæmandi upptalningu á fornleifum á jörðinni að ræða og fleiri fornleifar geta komið í ljós við framkvæmdir.

Vettvangsathugun og skýrsluskrif annaðist Óskar Leifur Arnarsson, fornleifafræðingur. Skýrsluhöfundur vill þakka öllum þeim sem aðstoðuðu á einhvern hátt.

---

1 Róbert Schmidt (1991), 5



## 2. Markmið og aðferðir

### *Tilgangur fornleifaskráninga*

Lög um menningarminjar nr. 80/2012 eiga að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang og kynni af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr., IV. kafla segir: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. ... Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 2. gr., I. kafla laganna eru þjóðminjar skilgreindar sem: „Þjóðminjar teljast jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands.“ Í sömu grein eru þjóðarverðmæti skilgreind sem: „hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.“

Í 3. gr., I. kafla laganna eru fornminjar skilgreindar sem: „annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.“

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

*Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“*

Um verndun fornleifa segir í 21. gr. VI. kafla: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.“

Í 22. grein segir: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“

Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti og minnst fjögurra vikna fyrirvara ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar. Eins er hverjum þeim sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skylt að láta sömu stofnun vita án tafar (sjá 23. gr., VI. Kafla).

Ef óþekktar fornminjar koma í ljós, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli skal Minjastofnun Íslands gert viðvart svo fljótt sem unnt er.

Þá skal sá sem fyrir framkvæmdum stendur stöðva þær án tafar og hafa samband við Minjastofnun Íslands ef óþekktar fornminjar finnast á framkvæmdasvæði. Skriflegt leyfi Minjastofnunar Íslands þarf til að hefja framkvæmdir að nýju á fundarstað fornminja (sjá 24. gr., VI. Kafla).

## **Af hverju fornleifaskráning?**

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum við skipulagsvinnu og vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa og aukins kostnaðar á viðkomandi verki.

En það er ekki aðeins lagaleg ástæða fyrir því að fornleifar eru skráðar. Ástæður eins og fræðilegar, menningarlegar, siðferðislegar og sögulegar geta þar einnig komið til. Saga og minjar eru mikilvægur hluti af þjóðarímynd Íslendinga. Yngri rústir eru mikilvægar til að varpa ljósi á eldri minjar og búsetusögu svæðis. Til að yfirvöld sem fara með minjavörslu geti sinnt hlutverki sínu varðandi fornleifar, verða þau að hafa yfirsýn yfir hvaða minjar eru til og staðsetningu þeirra.

Fornleifarnar geyma upplýsingar sem hvergi annars staðar er að finna. Þessar upplýsingar eru ekki geymdar í handritunum eða safngripum. Upplýsingar um líf og störf genginna kynslóða og sögu persónanna sem landið byggðu. Einnig gefa fornleifarnar innsýn inn í daglegt amstur og lífsafkomu íbúanna. „Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, voru þessar rústir hluti af tilverunni og veruleikanum og þess vegna eru þær mikilvægar fyrir þjóðina, sögu hennar og ímynd. Ef hún eyðir þeim, eyðir hún hluta af sjálfri sér“<sup>2</sup>

## **Fornleifaskráning og aðferðir**

Við fornleifaskráninguna er farið eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands frá 2013 með síðari tíma viðbótum og breytingum.

Við undirbúning og úrvinnslu voru fyrirbyggjandi heimildir athugaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrár og fornrit. Þá var einnig rætt við heimildarmenn. Fornleifaskráning á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja. Gengið var skipulega um svæðið. Hver minjastaður var hnitsettur (ÍSN93), honum lýst, ljósmyndaður og teiknaður þegar við átti.

Þá var einnig notast við hnitsetta loftmynd frá Loftmyndum ehf. til staðsetningar á fornleifum og farið var yfir eldri kort og loftmyndir frá Landmælingum Íslands. Kortin eru unnin í QuantumGIS.

Fornleifar sem eru skráðar fá hver sitt númer eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Númerið byggir á

---

2 Bjarni F. Einarsson (2007): 7

verknúmeri verkefnisins sem fæst við stofnun þess í kortavefsjá Minjastofnunar Íslands og hlaupandi númeri innan verkefnisins (d. Verknúmer 2259, staðsetning gamla heimatúnsins 2259-1). Metið er hvort fornleifar á sama svæði tilheyra ákveðinni minjaheild út frá stöðlum Minjastofnunar Íslands.<sup>3</sup> Ekki má líta svo á að um tæmandi fornleifaskráningu á vettvangi sé að ræða og óþekktar fornleifar geta óvænt komið í ljós við framkvæmdir.

### **Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun**

Árið 1992 sendi Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro frá sér ályktun. Ályktunin *Dagskrá 21* eða *Framkvæmdaáætlun 21* (e. *Agenda 21*) miðar að því að hvetja þjóðir heims til vitundarvakningar um sjálfbæra þróun.

Staðardagskrá 21 miðar að því að allar sveitastjórnir heimsins geri með sér áætlun um sjálfbæra þróun samfélagsins og þau verk sem vinna þarf til að ná þeim markmiðum. Sjálfbær þróun samfélags tekur mið af félagslegum, hagrænum, menningarlegum og vistfræðilegum þörfum núlifandi íbúa og komandi kynslóða. Í skýrslu um Staðardagskrá 21 frá 2009 segir að Vesturbyggð hafi samþykkt Ólafsvíkuryfirlýsinguna árið 2006. Þar er Vesturbyggð sett í flokk með sveitafélögum sem hafa „einhver önnur tengsl við Staðardagskrárkerfið“.<sup>4</sup> Í skýrslu um *aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018* segir að „Vesturbyggð er ekki eitt þeirra sveitarfélaga sem tekið hefur þátt í gerð Staðardagskrár 21 ... eða samþykkt Ólafsvíkuryfirlýsinguna.“<sup>5</sup> Þó er bent á að nokkur viðfangsefni Staðardagskrár 21 og aðalskipulags fléttist saman, en á það er bent að stefnu sé ekki framfylgt varðandi verndun fornleifa og annarra menningarminja.<sup>6</sup> Þetta þarf að skoða nánar og æskilegt að Vesturbyggð geri áætlun varðandi menningarminjar og skipulagsgerð.

Grundvöllur sjálfbærrar þróunar fornleifa er fólgin í ítarlegri fornleifaskráningu. Til að geta unnið að skipulagsgerð og tekið ákvarðanir um örlög þeirra minja sem finnast á tilteknu svæði, er nauðsynlegt að þekkja hvað finnst. Með skráningu fornleifa fæst vitneskja um hvort að stök rúst eða minjasvæði sé einstakt fyrir svæðið, hvort um sé að ræða fornleifar sem eru dæmigerðar og góður fulltrúi fyrir svæðið eða hvort um sé að ræða minjar sem á sér margar líkar. Þetta verður allt að liggja fyrir áður en ákvörðun um framhaldið er tekin, hvort minjar eigi að vernda sérstaklega eða fórna og þessi vitneskja fæst einungis með fornleifaskráningu.<sup>7</sup>

3 Minjastofnun Íslands (2013) og Oddgeir Isaksen (2016).

4 Stefán Gíslason. (2010)

5 Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir (2006 / 2008): 15

6 Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir (2006 / 2008): 16

7 Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir (2008): 9

### 3. Sögulegt yfirlit

Hér verður saga verslunar og búsetu á Bíldudalseyri ekki nákvæmlega, enda nær fornleifaúttektin einungis til lítils hluta svæðisins. Bíldudalur liggur innan landnáms Ketils ilbreiðs og má telja líklegt að byggð hafi hafist í dalnum fljótlega eftir landnám, þó þess sé ekki getið. Um landnám svæðisins eru *Sturlubók*, *Hauksbók* og *Melabók Landnámabókar* nánast samhljóma. Í *Sturlubók* og *Hauksbók* segir: „Ketill ilbreiðr, son Þorbjarnar tálkna, nam dali alla frá Kópanesi til Dufansdals; ...“ Ketill gaf Þórögnu dóttur sína Hergils hnapprass og flutti þá og nam Berufjörð í Reykhólahreppi.<sup>8</sup> Bíldudalseyri hefur því verið innan landnáms Ketils. Í bókinni *Landið og landnáma* er bent á hvað landnám Ketils náði yfir stórt svæði, eða frá Kópanesi og inn í Dufansdal.<sup>9</sup> En engum sögum fer af því hvað verður um landnám hans eftir að hann flyst á brott. Um sögu jarða í Bíldudal eða hverjir byggðu þær er ekki ritað í *Íslendingasögunum*.

Bíldudalur kemur fyrir í nokkur skipti í *Íslenzku fornbréfasafni* og þá oft í tengslum við bréf sem voru rituð eða staðfest á jörðinni Hóli. Í *Vestfjarðariti III* er þess getið að jörðin Hóll hafi stundum verið höfuðból Suðurfjarðahrepps. Hóll var oft fyrr á öldum nefnd Bíldudalur og Litlaeyri stundum verið talin sem hjáleiga frá Hóli ásamt öðrum hjáleigum í dalnum.<sup>10</sup> Elsta heimild um búsetu í Bíldudal er að finna í vottorði gerðu í Haga á Barðaströnd um máldaga hálfkirkjunnar í Bíldudal frá 15. september 1387, en máldaginn var settur á árunum 1323-1339.<sup>11</sup> Við lestur máldagans vekur athygli að bæði er rætt um hálfkirkju í Bíldudal og kirkjutíund og prestfjórðung af Bíldudalseyri. Hvort þetta þýði að byggð eða útræði hafi verið niðri á þeirri Bíldudalseyri (hafnarsvæði Bíldudals) sem við þekkjum í dag, á fyrri hluta 14. aldar, skal ósagt látið en orðalagið gæti bent til þess að verið væri að ræða tvo aðgreinda staði í dalnum. Jarðanna Eyrar og Hóls í Bíldudal er fyrst getið í kaupmálabréfi frá 1460.<sup>12</sup> Ekki er hægt að segja hvort átt er við Bíldudalseyri eða Litlueyri í fyrrgreindu bréfi, þó líklegra að um sé að ræða Litlueyri.

Á Bíldudalseyri hefur frá fornu fari verið verslunarstaður og vitna um það örnefnin Búðargil og Búðeyri. Hafnarskilyrði eru góð í flestum veðrum á Bíldudal. Elstu heimildir um verslun Þjóðverja þar eru frá 16. öld, en hugsanlega á verslunin sér lengri sögu. Víða í annálum er getið um þá erlendu

8 Íslendingabók Landnámabók (1968): 176

9 Landið og landnáma, I.bindi (1982): 210

10 Birgir Þórisson (ritstj.) (2011): 538-547

11 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1909-1913), 9. bindi: 20-21

12 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1899-1902), 5. bindi: 205-206

ræningja sem rændu Eggert Hannesson hirðstjóra og lögmann á Saurbæ á Rauðasandi árið 1578 eða 1579. Í *Grímsstaðaannál* er ýtarlegasta lýsingin um ránið og þar sagt að ræningjarnir hafi svo haldið á Vatneyri. Þar voru þýskir kaupmenn en skip þeirra á Bíldudal. Ræningjarnir rændu á Vatneyri og víðar og héldu Eggert þar í gíslingu. Ræningjarnir tóku stórann tólfæring sem Eggert átti og siglt inn á Bíldudalseyri í mikilli þoku. Þar höfðu þýskir kaupmenn „kastað upp miklu virki af torfi og búið þar um sínar byssur.“ Þegar ræningjarnir sáu þetta virki héldu þeir strax þangað án þess að þjóðverjarnir tæku eftir og „skutu af öllum byssum Þýzkra.“ Við það flúðu allir þjóðverjarnir úr búðunum og ræningjarnir rændu staðinn.<sup>13</sup> Lýsingin gefur til kynna að á Bíldudalseyri hafi staðið verslunarbúðir og hlaðið virki. Ekki eru heimildir fyrir því hvar á eyrinni þessi mannvirki stóðu, en örnefnið Búðargil gæti bent til þess að verslunarbúðirnar hafa staðið innantil á eyrinni á svipuðum slóðum og verslunarhús einokunarverslunarinnar risu síðar. Virkið hefur staðið þar í nágrenninu, hærra í landinu, en samt nógu nálægt til að hægt væri að flýja þangað og verjast.

Með innleiðingu einokunarverslunarinnar árið 1602 var öðrum kaupmönnum en þeim sem voru búsettir í ríki Danakonungs óheimilt að versla á Íslandi. Við þetta var lokað fyrir Hansakaupmenn að versla á Bíldudal. Verslunarhafnirnar á Íslandi voru boðnar upp og greiddu kaupmenn leigu til konungs fyrir einkaleyfi á ákveðnum höfnum. Bíldudalseyri var viðurkenndur verslunarstaður á einokunartímabilinu 1602-1787. Vegna hagræðis voru Vatneyri og Bíldudalseyri leigðar saman og miðað við að eitt skip á vegum verslunarinnar sigldi á báðar hafnirnar á ári. Verslun á Bíldudal sóttu bændur milli Þorskafirði og Hagavaðals og svo allir bændur í sunnanverðum Arnarfirði og réðu sýslumörkin þar mörkum kaupsvæðisins.<sup>14</sup> Í ritgerð Ingivalds Nikulássonar er listi yfir kaupmenn og verslunarfélög sem höfðu verslunarleyfi á Bíldudalseyri.

Í *Jarðabók* Árna og Páls sem tekin er saman í upphafi 18. aldar segir: „*Budeyre heitir tómmt hús niður á Bíldudalseyri hjá kaupmannsbúðinni. Bygt í fyrstunni fyrir 7 eður 8 árum [árið 1703 eða 1704] að forlagi kaupmannsins, til þess að húsmaðurinn skyldi vakta búðirnar...*“<sup>15</sup> Ábúandinn á Búðeyri hefur því verið starfsmaður verslunarinnar, gætt verslunarhúsanna á veturna og ekki haldið húsdýr. Jarðardýrleikinn var ekki skráður fyrir Bíldudalseyri eða Búðeyri. Áður hafði Litleyri verið metin með Hóli, enda talið að hún hafi áður verið hjáleiga Hóls, en þegar safnað var gögnum í *jarðabókina* var jörðin metin í tvennu lagi. Hóll með hjáleigunum Fremrihúsum og Hjallhólum var metinn á 60

13 *Annálar 1400-1800* (1933-1938), 3. bindi: 463-464

14 Jón J. Aðils (1919): 284-285; Gísli Gunnarsson (1987): 50

15 Árni Magnússon og Páll Vídalín (1938): 379

hdr. og Litlaeyri með Litlueyrarhúsum metin á 20 hdr.<sup>16</sup> Í doktorsritgerð Björns Lárussonar er mat jarðarinnar Hóls skráð 60 hdr. í lok 17. aldar og þá var jörðin í einkaeigu. Litlaeyri er ekki metin sér, heldur talin sem hjáleiga Hóls.<sup>17</sup> Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er dýrleiki Bíldudalseyrar 20 hdr., Hóls 20 hdr. og Hólshúsa 20 hdr. og voru þær allar í bændaeign. Neðanmáls er þess getið að þessar jarðir voru saman kallaðar Bíldudalur og jarðamatið höfðu eigendur og leiguleiðar samið um. Hóll hafði frá upphafi verið aðal jörðin, sem Litlaeyri og Bíldudalseyri hafi heyrt undir.

Verslunarstaðurinn Bíldudalseyri var áður metinn 5 hdr úr landi Litlueyrar sem áður var metin á 20 hdr. Litlaeyri var ekki með í lista yfir matsjarðir og Bíldudalseyri var nú metin sem 20 hdr bújörð. Í sömu heimild er þess getið að nafnið Hólshús hafi komið í stað Litlueyrar.<sup>18</sup> Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* árið 1861 er fornt jarðamat Litlueyrar og Bíldudals 30 hdr., en nýtt mat 14,9 hdr. Fornt mat Hólshúsa og Hóls er sagt vera 15 hdr. hvor og nýtt mat 12,9 hdr hvor.<sup>19</sup>

Um 1790 keypti Ólafur Þórðarson Thorlacius verslunina á Bíldudal og mikið framfaraskeið hennar hófst. Ásamt verslunarrekstrinum, gerði hann út þilskip og hóf sjálfur að sigla með fisk beint til Spánar án danskra milliliða. Á þessum tíma voru róstursamir tímar í Evrópu og Napóleonestyrjaldirnar geysuðu. Það leiddi til þess að vöruverð steig og Ólafur fékk hátt verð fyrir fisk sinn. Um aldamótin var hann orðinn einn efnaðisti kaupmaður landsins.<sup>20</sup> Ólafur lést 1815 og ekkja hans, Guðrún Oddsdóttir, tók við rekstri verslunina.<sup>21</sup>

Annað framfaraskeið Bíldudals hófst þegar Pétur J. Thorsteinsson ásamt dönskum fjárfestum keypti verslunarstaðinn árið 1880. Hafist var strax handa við mikla uppbyggingu á Bíldudal, byggð var ný verslunarbú, fiskþurkunarreitirnir lagaðir og stækkaðir, fiskvinnsluhús reist og 60 metra löng skipabryggja byggð niður af búðinni. Árið 1886 seldu dönsku fjárfestarnir Pétri sinn hlut í versluninni og eftir það var hann eini eigandinn.<sup>22</sup> Þilskipaútgerð hófst ekki að marki á Bíldudal fyrr en Pétur settist þar að. Eftir 1890 fjölgaði skipunum hratt og að sama skapi fjölgaði íbúunum á Bíldudal í tengslum við sjómennsku og störf í landi. Þéttbýlismyndun á staðnum má því beint rekja til umsvifa Péturs. Árið 1900 gerði Pétur út 18 þilskip frá Bíldudal.<sup>23</sup> Árið 1896 stofnar Pétur ásamt bróður sínum, Guðmundi Scheving Thorsteinsson, sameignarfélagið P.J.Thorsteinsson & Co. Sama

16 Árni Magnússon og Páll Vídalín (1938): 376-379

17 Björn Lárusson (1967): 198

18 J.Johnsen (1847): 186

19 Ný jarðabók fyrir Ísland (1861): 75

20 Ingivaldur Nikulásson (1942): 22-23


21 Ingivaldur Nikulásson (1942): 33-34

22 Ingivaldur Nikulásson (1942): 50

23 Jón Þ. Þór (2002): 195 og 206

ár kaupir félagið Vatneyrarverslun.<sup>24</sup> Um aldamótin 1900 gerði Pétur út 18 þilskip frá Bíldudal. Segja má að þá hafi fyrst hafist þéttbýlismyndun á Bíldudal. Svo árið 1907 stofnuðu þeir Pétur og Thor Jensen ásamt dönskum fjárfestum hlutafélagið P.J.Thorsteinsson & Co, sem kallað var Milljónafélagið. Það félag fór í þrot 1914.<sup>25</sup>

Saga Bíldudals á 20. öld verður ekki rakin frekar hér, en ýmsan fróðleik um staðinn má m.a. finna í skrifum Ingivalds Nikulássonar og bókunum *Skútuöldin*, *Bíldudalsminning* og *Bíldudalskóngurinn*.



Mynd 2: Hluti af korti Samúels Eggertssonar af Bíldudal frá 1897. Blái ramminn afmarkar framkvæmdasvæðið. (Stofnun Árna Magnússonar. Teikn. ÓLA).

24 Ásgeir Jakobsson (1990): 159-162

25 Ásgeir Jakobsson (1990): 299-311

## 4. Úttekt á deiliskipulagssvæði

Fornleifaskráning þessi var gerð vegna fyrirhugaðrar lagningar jarðstrengs frá spennistöðinni neðan við Búðargil og niður á Tjarnarbraut á Bíldudal, Vestur-Barðastrandarsýslu. Til stendur að klára að tengja stærri háspennustreng niður á Bíldudalseyri til að þjónusta stórnotendur á hafnarsvæðinu. Verkið er framhald af strengjalögn sem unnið var að árið 2018. Ekki er vitað hvort þá var leitað álits Minjastofnunar Íslands og gerð fornleifskráning eða framkvæmdaefirlit á meðan á vinnu stóð þá, en vitað er að einhverjar minjar röskuðust við framkvæmdina. Ekki var leitað álits Minjastofnunar þegar Tjarnarbraut 15 var byggð árið 2018, en skýrsluhöfundur skoðaði jarðvegssnið þar og engin merki sáust um fornleifar. Byggingareiturinn og könnunarskurðir eru merktir inn á kort í kafla 7. Þessi úttekt nær til lítils hluta af landi verslunarstaðar. Heimildir fyrir minjum eru víða innan og utan við fyrirhugaða lagnaleið og meiri líkur á að áður óþekktar minjar geti komið í ljós. Úttektarsvæðið er um 5.000 m<sup>2</sup>. Vettvangsathugun fór fram í júlí 2020.

Spennustöðin við Búðargil og efsti hluti línuleiðarinnar eru í skriðu fyrir ofan gamla „Kaupmannstúnið“ (nr. 2259-1), en efsti hluti þess var náði rétt upp fyrir götuna Lönguhlíð. Lagnaleiðin fer svo meðfram norðaustur mörkum túnsins og inn á það við Valhöll (Tjarnarbraut 17) og neðan við leikskólann (Tjarnarbraut 11). Víða í fjallshlíðinni léku krakkar sér áður og hlóðu virki og byrgi. Í skriðunni við Búðargil var Kastalinn, hlaðið virki af börnum þorpsins á fyrri hluta 20. aldar. Hann var vinsælt leiksvæði allt fram að flóðinu 1985.<sup>26</sup> Kastalinn sést á eldri loftmyndum og hefur verið um 8-10 metrar í þvermál. Við skoðun á loftmyndum frá 1950 og síðar sést að í grenndinni hafa verið fleiri hleðslur, minjar um leiki barnanna. Stór hluti af þessum minjum hvarf við gerð ofanflóðagarðsins við innanvert Búðagil 2010. Í línuleiðinni milli spennustöðvarinnar og niður að Lönguhlíð er hlaðið byrgi (nr. 2259-11) sem hugsanlega hefur verið gert af börnum á 20. öld. Líklega er þetta eina byrgið sem eftir er á hryggnum neðan við Búðargil og ef vilji er til má auðveldlega leggja strenginn þannig að byrgið skemmist ekki. Eldri rafstrengur hefur verið plægður niður fast upp við byrgið að suðvestan. Kort af Bíldudalseyri frá 1897 og 1913 komu að góðum notum við að kortleggja minjar á svæðinu. Sunnan við húsið Valhöll, sem reist var 1896, liggur framkvæmdasvæðið yfir kálgarð (nr. 2259-4) sem tilheyrir húsinu. Hluti garðsins hvarf vegna framkvæmda við Tjarnarbraut 15 árið 2018, en hluti hans er enn sýnilegur. Við kálgarðinn liggur framkvæmdasvæðið yfir þar sem austur endi túngarðsins (nr. 2259-2) var. Ekki var leitað ummerkja um túngarðinn annarsstaðar á eyrinni. Skammt ofan við fyrrgreindan kálgarð hefur verið hlið á


---

<sup>26</sup> Jörundur Garðarsson, munnleg heimild.

Í norðaustur frá Lönguhlíð 12 sést matjurtagarður (nr. 2259-7) sem er rétt sunnan við framkvæmdasvæðið. Norðan við túngarðinn og hliðið er grjóthrúga (nr. 2259-6) sem er líklega tilkomin vegna ræktunar og sléttunar túnsins. Niður og austur frá Lönguhlíð, niður á Tjarnarbraut, má sjá gamlan vegslóða (nr. 2259-8) sem liggur ofan við Valhöll og Glaumbæ.

Af þessum sökum gæti þurft að hafa framkvæmdaefirlit fornleifafræðings til að kanna hvort minjar leynist á þessum kafla framkvæmdasvæðisins, en Minjastofnun Íslands tekur ákvörðun um slíkt.

Fornleifaskráningin nær ekki til eldri strengjaleiðarinnar frá spennustöðinni um Brekkustíg og niður á Tjarnarbraut. Leita verður áhlits Minjastofnunar Íslands ef til stendur að framkvæma utan við deiliskipulagssvæðið, þó þar séu minjar sem hafa verið skráðar. Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt menningarminjalögum að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.



12

## 5. Niðurstöður

Eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar er að vera skipulagsyfirvöldum innan handar við að standa vörð um fornleifar og marka stefnu í minjavernd og skipulagsmálefnum. Fornleifaskráningu lýkur í raun aldrei, bæði vegna þess að nýjar óþekktar minjar geta komið í ljós og eins vegna aldurskilgreiningar á fornleifum í *lögum um menningarminjar*. Samkvæmt þeim teljast fornleifar vera hvers kyns mannvistarleifar 100 ára og eldri og því bætast nýjar minjar við árlega.

Alls voru skráðir 11 stakir minjastaðir og tengjast þeir allir búskap og kaupúni Bíldudalseyrar. Framkvæmdasvæðið er innan gamla heimatúnsins (nr. 2259-1) og innan þess lenda 9 staðir; túngarður (nr. 2259-2), ístjörn (nr. 2259-3), matjurtagarður (nr. 2259-4), leið / gata (nr. 2259-5, 8 og 9), grjóthóll (nr. 2259-6) og byrgi. Rétt utan við framkvæmdasvæðið lenda svo matjurtagarður (nr. 2259-7) og óþekkt grjótpúkk (nr. 2259-10). Af þessum minjastöðum sem taldir hafa verið upp, eru nr. 2259-4, 6, 7, 8, 10 og 11 sýnilegir á yfirborði. Hinir staðirnir fundust við heimildaleit. Hugsanlega leynast svo óþekktar minjar undir yfirborði. Minjar geta komið í ljós óvænt og ber þá að stöðva framkvæmdir strax og láta Minjastofnun Íslands vita. Sjá nánar um hvern minjastað og verndargildi hans í kafla 8, aftast í skýrslunni.

Fyrirhugað skipulag stangast á við *Lög um menningarminjar nr. 80/2012*, vegna ofantaldra minjastaða sem lenda innan og rétt utan við framkvæmdasvæðið. Sjá nánar í kafla 4.

Það skal áréttað að aðrar fornleifar en friðlýstar fornleifar njóta 15 metra friðhelgi og skal hafa það í huga varðandi allar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins. Reynslan hefur sýnt að undir yngri minjum leynast oft eldri minjar. Sérstök aðgát skal höfð við framkvæmdir og rask í nágrenni skráðra fornleifa. Þetta á ekki einungis við um byggingaframkvæmdir, heldur einnig framkvæmdir eins og við lagningu neysluvatns, frárennslis, rafmagns, heimkeyrslna, trjáræktar o.fl. Lögð er áhersla á að samkvæmt *menningarminjalögum* ber að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við jarðrask á framkvæmdatíma.

Patreksfjörður, 22. september 2020

Óskar Leifur Arnarsson



## 6. Heimildaskrá

*Annálar 1400-1800*. 3. bindi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag, 1933-1938.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1938). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala- og Barðastrandarsýsla*. VI. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1983.]

Ásgeir Jakobsson. (1990). *Bíldudalskóngurinn. Athafnasaga Péturs J. Thorsteinssonar*. Skuggsjá.

Birgir Þórisson (ritstj.). (2011). *Vestfjarðarit III. Fólkið, landið og sjórinn. Vestur-Barðastrandarsýsla 1901-2010*. Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða.

Bjarni F. Einarsson. (2007). „Minjavernd er umhverfisvernd.“ *Eldjárn*. 2. árg. 1. tbl. s. 6-8

Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. (2008). *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Björn Lárusson. (1967). *The old icelandic land registers*. Lund: C.W.K. Gleerup.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn*. 5. bindi. 1330-1476. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, ...* 9. bindi. 1262-1536. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, 1909-1913.

Gísli Gunnarsson. (1987). *Upp er boðið Ísland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787*. Örn og Örlygur hf.

Ingivaldur Nikulásson. (1942). *Frá liðnum tímum. Sagnir frá Bíldadal*. Óútgefin ritgerð.

*Íslendingabók Landnámabók*. (1968). Jakob Benediktsson (gaf út). Íslensk fornrit, I. bindi. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

Jón J. Aðils. (1919). *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602-1787*. Reykjavík: Verzlunarráð Íslands.

Jón Þ. Þór. (2002). *Sjósókn og sjávarfang. Saga sjávarútvegs á Íslandi*. I. bindi. Árabáta- og skútuöld. Bókaútgáfan Hólar, Akureyri.

*Lög um menningarminjar nr. 80, 29. júní 2012*. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. (1861). Kaupmannahöfn: [Jarðabókaútgáfan].

Oddgeir Isaksen og Orri Vésteinsson. (2015, 21. október). „Fornleifar þurfa ekki að koma á óvart.“ *Fréttablaðið*, bls. 15.

Oddgeir Isaksen (2016). *Leiðbeiningar Minjastofnun Íslands 1. Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands. [http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Skilaferli-skraningargagna\\_leidbeiningar\\_uppf.pdf](http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Skilaferli-skraningargagna_leidbeiningar_uppf.pdf)

Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir (1997). *Menningarminjar í Vesturbyggð. Svæðisskráning*. FS031-96041. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Elhönnun sf. (2020). *Bíldudalur. Aukin aflnotkun á Bíldadal*. [Uppdráttur með lagnaleið

háspennustrengs].

Róbert Schmidt. (1991, 10. ágúst). Bíldudalur: Langiskúrin allur. *Morgunblaðið*, bls.5.

*Skráningarstaðlar fornleifa*. (2013). Minjastofnun Íslands.

[http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar\\_2013\\_fornleifar.pdf](http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf)

Stefán Gíslason. (2010). *Staðardagskrá 21 á Íslandi. Lokaskýrsla um samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfísráðuneytisins 1998-2009*. [www.samband.is/media/sjalfbaer-throun---stadardagskra-21/Lokaskyrsla\\_SD21\\_Island\\_agust2010.pdf](http://www.samband.is/media/sjalfbaer-throun---stadardagskra-21/Lokaskyrsla_SD21_Island_agust2010.pdf)

Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir. (mars 2006 / lagfært 28. mars 2008). *Vesturbyggð. Aðalskipulag 2006-2018*. Landmótun.

[https://content.vesturbyggd.is/wp-content/uploads/2018/07/adalskipulag\\_vesturbyggd\\_2006-2018.pdf](https://content.vesturbyggd.is/wp-content/uploads/2018/07/adalskipulag_vesturbyggd_2006-2018.pdf)

Þjóðskrá Íslands. (e.d.). *Fasteignaskrá*. Sótt 15. desember 2019. <http://www.skra.is>

### **Örnefnaskrár:**

Örnefnaskrá Bíldudals (Bíldudalseyri, Hóll og Litleyri) (1997). Halldór G. Jónsson

### **Munnlegar heimildir:**

Jörundur Garðarsson, Bíldudal (f. 1948)

### **Loftmyndir:**

Landmælingar Íslands, loftmyndir frá 1950 til 1964

Loftmyndir ehf., loftmynd frá árinu 2011 og 2016.

### **Ljósmyndir:**

Chr. Neuhaus. Ljósmynd af börnum Péturs og Ásthildar Thorsteinsson frá um 1900. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, nr. 2015 8 012 1-1. <https://ljosmyndasafn.reykjavik.is/>

Frederik Antonius Löve. Ljósmynd af verslunarhúsinum á Bíldudalseyri frá því skömmu fyrir 1880. Ljósmyndasafn Íslands – Sarpur.is, nr. Lpr-2777. <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=750949>

### **Kort:**

*Bíldudalur*, bæjarteikning (1913). Generalstabens topografiske Afdeling.


[https://atlas.lmi.is/soguleg\\_gogn/herforingjarad\\_frumgogn\\_myndir/baejarteikningar/Baejarteikningar.jpg\\_veflausn/B12L011.jpg](https://atlas.lmi.is/soguleg_gogn/herforingjarad_frumgogn_myndir/baejarteikningar/Baejarteikningar.jpg_veflausn/B12L011.jpg)

Generalstabens topografiske Kort. (1915 / 1941). *12 SV. Þingeyri - Arnarfjörður*. 1:50.000. Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling.

Ingivaldur Nikulásson (1921). Kort af Bíldudal.

Samúel Eggertsson. (1897). *Uppdráttur af Bíldudal 1897*. [Varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar, örnefnasafni]

## 7. Kort





## 8. Fornleifaskrá

|                    |                           |                                                                                                                                                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
|--------------------|---------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Fornleifanr. MÍ    | 2259-1                    | Ástand                                                                                                                                                 | Ekki sést til fornleifa                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |
| Verknr. MÍ         | 2259                      | Horfin                                                                                                                                                 | vegna bygginga                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |
| Eldra númer        |                           | Hættumat                                                                                                                                               | Mikil hætta                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
|                    |                           | Hættuorsök                                                                                                                                             | rask                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
| Sýsla              | Vestur-Barðastrandarsýsla | Veggjahæð                                                                                                                                              | -                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| Sveitarfélag       | Vesturbyggð               | Veggþykkt                                                                                                                                              | -                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
| Hreppur nr.        | 4606 (Suðurfjarðahreppur) | Breidd                                                                                                                                                 | ca. 175 m                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| Landareign         | Bíldudalur                | Lengd                                                                                                                                                  | ca. 195 m                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
| Landnúmer          | -                         |                                                                                                                                                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| Skrásetjari        | Óskar Leifur Arnarsson    | Lýsing:                                                                                                                                                | Samkvæmt <i>Jarðabók</i> Árna Magnússonar og Páls Vídalín hefur verið föst búseta á Bíldudalseyri frá um 1700 þegar tómthúsið Búðareyri byggðist. Hugsanlega nær búsetan lengra aftur en hefur þá verið slitrótt. Eftir að kaupmenn hófu vetursetu, hafa þeir haft búskap á Bíldudalseyri og nytjað gamla heimatúnið, „Kaupmannstúnið“ svokallaða. Árið 1894 lét Pétur J. Thorsteinsson slétta „hið forna Bíldudalseyrtún“ og girða. (Ingivaldur Nikulásson (1942), 51). Túnið sést á korta af kauptúninu Bíldudal frá 1897, 1913, 1921 og 1937. Á kortinu frá 1897 hefur túnið náð út að Valhöll, en síðar minnkað. Með auknum íbúafjölda og byggingaframkvæmdum sem því fylgdi hefur stórum hluta túnsins verið raskað. |
| Heimsótt           | 30.07.2020                | Engar minjar sjást þarna á yfirborði.                                                                                                                  |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
| GPS hnit           | A288840 N584214           | Neðsti hluti lagnaleiðarinnar liggur við og um gamla heimatúnið í norðaustur hluta þess, milli gatnamóta Tjarnarbrautar og Kirkjuveggar og að Valhöll. |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           |
